

Eldgos á Ísland

Ísland er eldfjallaeyja og það eru u.þ.b. 130 eldfjöll á Íslandi en bara 18 hafa gosið á sögulegum tíma. Hekla eða Krafla eru dæmi um eldfjöll sem gjósa reglulega.

Það hafa verið rúmlega 200 gos á Íslandi síðan árið 1100 . Til að finna þetta þurftu mennirnir að rannsaka hraunlög, öskulög og ritaðar heimildir. Á 20. og 21. öldinni hafa verið 43 gos og 24 af þessum gosum hafa verið síðustu 50 árin. Það hefur verið tæplega eitt eldgos , þriðja hvert ár frá árinu 1900. En dreifingin er ekki svona í raun. Lengsti goslaus kaflinn á Íslandi var um miðja seinustu öld. Hekla gaus árið 1947 en næsta gos var ekki fyrr en 1961 þá gaus Askja. Eldstöðin Krafla hefur gosið oftast síðustu 110 árin samkvæmt lista Veðurstofnunnar. Á 8. áratug síðustu aldar var hún mjög virk og gaus níu sinnum, hún gaus þrisvar árið 1980. Á þessu tímabili gaus Askja átta sinnum.

Það hafa verið sirka fimm gos síðan ég fæddist. Það var gos árið 2004 í Grímsvötnum, síðan gaus tvisvar árið 2010. Það fyrra var á Fimmvörðuhálsi og seinna í Eyjafjallajökli. Síðan var annað gos í Grímsvötnum árið 2011 og nú síðast gaus í Holuhrauni árið 2014. Ég man bara eftir Eyjafjalla- og Holuhrauns gosunum. Eyjafjallagosið var mjög stórt og hafði mjög miklar afleiðingar. Flug stöðvaðist hér á landi og einnig út í heimi sem er skrítið út af því að við erum bara lítil eyja í Atlantshafi en getum samt haft svona mikil áhrif á flug. Holuhraun var ekki eins stórt gos og var í Eyjafjallajökli en fólk var samt hrætt um að það gæti gert sama skaða og fyrra gosið . Gosið í Holuhrauni var mikið í fréttum og kom fólk frá öllum löndum til að skoða það. Í dag er verið að fylgjast með Heklu því hún er líkleg til að gjósa en gerir það vonandi ekki.

Mörg gos hafi verið á sögulegum tímum og mörg þeirra eru stórfengleg en þó að eldgos séu falleg og mikið tekið að fallegum myndum þá eru margir hættur við þau eins og það þau eyðileggja plöntur og menga loftið.

Heimildir

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6229>

https://is.wikipedia.org/wiki/Eldfi%C3%B6ll_%C3%8Dslands

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=58918>

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=54080>